

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2021-2022

16.júní 2022

Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Kristín Rós Jóhannesdóttir

Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir



Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	5
2.	Starfsemi skólans.....	6
1.1	Námsbrautir í FSN.....	6
1.2	Markmið og hlutverk.....	6
1.3	Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál.....	8
1.4	Nám og kennsla.....	8
1.5	Námsmat.....	10
1.6	Nýir áfangar og nýjar brautir.....	11
1.7	Skólaráð.....	12
3.	Sjálfsmat í FSN.....	12
1.8	Um námsárangur.....	14
1.9	Kennslumat.....	15
1.10	Sjálfsrýni kennara.....	15
1.11	Stofnun ársins 2021.....	16
1.12	Framhaldsskólapúlsinn.....	18
1.13	Ungt fólk 2021.....	18
1.14	Viðhorfskannanir.....	21



1.15	Viðhorfsskönnun haustannar – líðan og þjónusta	22
1.16	Könnun meðal útskrifaðra nemenda.....	23
1.17	Viðhorfsskönnun vorannar – nám og kennsla	24
1.18	Viðhorfsskönnun útskriftarnema	27
1.19	Rýniviðtöl.....	29
1.20	Rýniviðtal við útskriftarnema haustönn 2021	30
1.21	Rýniviðtal við kennara 11. mars 2022	31
1.22	Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2022.....	32
1.23	Spurningar til núverandi og útskrifaðra nemenda um skólann.....	34
1.24	Húsfundur með nemendum og starfsfólki FSN	34
4.	Fjárhagur og rekstur	35
5.	Styrkleikar, veikleikar og úrbætur	35
1.25	Styrkleikar.....	35
1.26	Veikleikar	36
6.	Urbætur og tækifæri.....	37
7.	Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla.....	39
8.	Fylgiskjal 2.....	40
9.	Fylgiskjal 3 - Úrbótaáætlun 2022-2023	41






1. Inngangur

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er fjölbrautaskóli sem er staðsettur í Grundarfirði og með framhaldsdeild á Patreksfirði. Skólinn hefur nú lokið sínu 18.starfsári og allt frá stofnun skólans hefur dreifnámskennsla verið áberandi í kennsluháttum skólans. Við stofnun FSN voru miklar breytingar gerðar á skólahúsnæði og hugmyndafræðin á bak við kennsluhættina var með nýjum blæ og nýjum áherslum þó að líka hafi verið byggt á gömlum kenningum um skólastarf. Þáttur upplýsingatækni og möguleikar tölvutækninnar hafa alla tíð verið nýttir í skólastarfinu og skipa veigamikinn sess í kennsluháttunum. Skólinn átti að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýta meðal annars dreifnám. Enn er stefna skólans í mótun og við reynum að aðlaga okkur að breytingum sem verða í samfélaginu. Síðustu tvö ár eru eftirminnileg þar sem starfsfólki skólans og nemendum tókst einstaklega vel að takast á við þær áskoranir sem fylgdu kennslu á tímum heimsfaraldar. Nú horfum við fram á tímabundna fækkun í árgöngum í grunnskólum á upptökusvæði skólans og því er enn mikilvægara að sinna kennslu fjarnemenda en með því getum við haldið úti óbreyttu námsframboði. Undanfarið skólaár hefur starfsfólk skólans unnið að endurskoðun að stefnu skólans því stefna skólans er í sífelldri mótun.



2. Starfsemi skólans

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.



1.1 Námsbrautir í FSN

Samkvæmt nýrri námskrá geta nemendur valið um fimm námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut, frumkvöðla- og nýsköpunarbraut og opna braut. Framhaldsskólabrautir 1 og 2 er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfniviðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu.

1.2 Markmið og hlutverk

Einkunnarorð FSN eru framsækinn framhaldsskóli. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi



skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá, veitir umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun auk samráðs og eftirlits með starfi skólans. Við skólann starfar auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (60%), fjármálastjóri (100%), mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði (80%), ritari (50%), húsvörður (100%), kerfisstjóri (25%), tveir ræstítæknar (50% og 12,5%), stuðningsfulltrúi (100%) og 16 framhaldsskólakennarar í 15 stöðugildum.

Skólinn hefur markvisst unnið að því að kennsluhættir séu með dreifnámsmssniði og því áhersla á að sinna kennslu hópa þar sem bæði fjarnemendur og staðnemendur stunda nám samkvæmt sömu námskrá. Fjarnemum hefur fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Fjarmentaskólann. Fjarmentaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum bauðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmati í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Um miðjan maí var framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur



að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði og kynntust skólastarfi þar.

Allir nemendur skólans eru innritaðir á námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017 og hafa verið í reglulegri endurskoðun þegar nýir áfangar hafa verið smíðaðir, eldri áfangar verið lagfærðir eða nýjar brautir hannaðar.

Haldið var áfram með innleiðingu á vendikennslu. Kennarar í FSN hafa verið að nýta sér vendikennslu sem hluta af kennsluaðferðum og er það eitt af markmiðum FSN að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Vandinám mun tvímælalaust styðja við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Kennsla á TEAMS hefur færst mjög mikið í vöxt á tímum covid-19. Kennarar og nemendur nýta þennan möguleika og hann býður upp á mörg tækifæri í fjarnámskennslu.

1.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

1.4 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni



Í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tökum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og 3nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Einnig er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

Á haustönn 2020 reyndi á starfsfólk skólans, rétt eins og annarra, við að skapa sveigjanlegt námsumhverfi fyrir nemendur í ljósi hertra og ólíkra samkomutakmarkana. Hefur sú vinna verið viðvarandi á síðustu misserum. Einstaklega vel gekk að takast á við allar þær hindranir sem heimsfaraldur hafði í för með sér á skólaárinu, og voru kennarar og nemendur vel undir það búnir að takast á við breyttar aðstæður. Kennsla hélt áfram að þróast og kennarar við skólann eru almennt orðnir mjög þjálfaðir í vinnu á TEAMS og öðrum stafrænum og vefmiðuðum kennsluháttum. Það hefur stundum verið sagt að mörg tækifæri felist í kreppu. Í heimsfaraldrinum var gerð tilraun með að breyta stundatöflu þannig að kennsla á föstudögum færi fram á TEAMS, þ.e. kennarar kenndu að heiman og nemendur lærðu heima. Mörgum nemendum féll þessi breyting vel en öðrum líkaði þetta síður. Kennarar voru almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Í rýnihópaviðtölum og viðhorfskönnunum meðal nemenda kom það fram að mörgum þætti það ekki skila miklu að setja alla verkefnatíma á föstudaga. Það væri vissulega þægilegt en nemendur nýttu sér einfaldlega þessa tíma ekki nægilega vel. Sumir ættu erfitt með að vakna, það væri enginn sérstakur hvati til að byrja daginn snemma og margir væru hreinlega búnir að koma sér í vinnu á föstudögum. Það var því ákveðið á



vinnudögum á vorönn að taka upp kennslu á Teams á föstudögum og herða mætingarreglur skólans. Það tónar við það sem fram kom í rýnivíðtali við kennara og er tíundað seinna í þessari skýrslu.

1.5 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því lítið um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2021-2022 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum frekar en fyrri ár heldur er námsmat unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám. Kennsluhættir skólans eru sífellt til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi.

Markmið skólans í leiðsagnarnámi eru að:

- gera nemendur meðvitaða um nám sitt og að nemendur taki ábyrgð á eigin námi
- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarnámsvið mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarnáms.

Um leiðsagnarnám í FSN má lesa hér: <https://www.fsn.is/is/namid/namsframvinda/namsmat-og-einkunnirher>.

Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Síðan á skólaárinu 2017-2018 hefur ekki verið gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum og



hefur það fyrirkomulag verið síðan. Þess í stað fá nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og eru þær í bókstöfum. Nemendur fá síðan lokaekinn í annarlok og er sú einkunn í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötulit þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Kennarar FSN hafa farið víða og kynnt leiðsagnarmat. Í vetur fóru kennarar á ráðstefnu um leiðsagnarnám í FMOS og voru með kynningar fyrir aðra framhaldsskólakennara.

Innan sjálfsmatshópsins höfum við rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið í leiðsagnarmati. Það vannst ekki tími til þess þetta skólaárið en stefnt er að því að skoða áhrif leiðsagnarmats og áhrif þess að í skólanum eru ekki lengur formleg lokapróf.

1.6 Nýir áfangar og nýjar brautir

1. Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut

Á haustönn 2021 hófst kennsla á nýrri braut, nýsköpunar- og frumkvöðlabraut. Námi á nýsköpunarbraut er ætlað að veita nemendum góða, almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum og verklegum greinum með áherslu á nýsköpun og tækni. Í námi sínu tileinka nemendur sér mismunandi nálgun við lausn ýmissa verkefna og temja sér verkleg, skapandi og listræn vinnubrögð. Námið veitir góðan undirbúning fyrir nám í háskólum eða sérskólum einkum á sviði skapandi greina. Námið er 200 framhaldsskólaeiningar og því lýkur með stúdentsprófi. Frjálst val á brautinni er 14 einingar og er nemendum bent á að nota það til að styrkja undirbúning sinn fyrir það nám sem stefnt er að í háskóla.

2. Erasmusverkefni

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tekur þátt í samstarfsverkefninu Food for thought með skóla í Tékklandi. Markmiðið er að nemendur kynni sér matvælaframleiðslu í sínu nánasta umhverfi og leiði hugann að því að minnka matarsóun og óþarfa flutning á matvælum á milli svæða. Hingað komu 12 nemendur og



3 kennarar frá Tékklandi í apríl og voru hér við nám og störf í 11 daga. Í haust er svo ætlunin að sami fjöldi fari héðan til Tékklands.

FSN er einnig í ERASMUS samstarfi ásamt Svæðisgarði Snæfellsness, og aðilum frá Noregi og Wales. Verkefnið heitir Cultural Innovation through ecopreneurship og vinnusmiðjan okkar hefur vinnuheitið Snæfellsnes: Sustainable communities and identity regions. Hingað komu 12 kennarar frá Wales og Noregi og voru með áhugaverðar kynningar á sínum skólum.

1.7 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins. Á [vorönn 2022 fundaði skólaráð reglulega](#) og var m.a. fundað um umbótaáætlun gæðarráðs, umsagnir, vinnu við stefnu skólans, námsmatsviðmið, valáfanga á haustönn 2022, skólareglur, verkefnadaga í maí, skóladagatal 2022-2023, stundatöflu skólaárið 2022-2023 og stefnu skólans.

3. Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2021-2022 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun.

Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#). Sjálfsmat er í höndum



Gæðaráðs FSN sem Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, Kristín Rós Jóhannesdóttir, kennari og Steinunn Ingibjörg Magnúsdóttir, kennari, skipa auk Hrafnhildar Hallvarðsdóttur, skólameistara.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2021-2022:

Haustönn 2021

- Kennslumat
- Sjálfsrýni kennara
- Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)
- Viðhorfskönnun – líðan
- Rýnihópur framhaldsdeild Patreksfirði
- Rýnihópur meðal kennara
- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda
- Áætlun um umbætur
- Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
- Rýnihópur útskriftarnemenda

Vorönn 2022

- Kennslumat
- Sjálfsrýni kennara
- Upplýsingar um námsárangur (skimun astskm.)
- Brottfall
- Rýnihópur meðal kennara
- Skólapúls
- Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
- Rýnihópur – útskriftarnemenda
- Viðhorfskönnun – aðstaða og skipulag kennslu




- Rýnihópur framhaldsdeild Patreksfirði

1.8 Um námsárangur

Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU. Aðstoðarskólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þarfnast skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bætta ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu.

Skólaárið 2021-2022 útskrifuðust 26 nemendur (9 á haustönn og 17 á vorönn) frá FSN. Meðaleinkunn í öllum fögum á skólaárinu var 6,73 í öllum fögum á báðum önnum.



Hæst var meðaleinkunn í lýðheilsugreinum en lægst í því sem flokkast sem aðrar námsgreinar (þar má t.d. telja forritun, lokaverkefnisáfangar og upplýsingatækni svo eitthvað sé nefnt). Fylgst verður með þróun einkunna á komandi skólaárum.



Við athugun á brotthvarfi nemenda (sem á þá við um nemendur sem skila sér ekki til prófs, þ.e. eru með F í einhverjum áföngum) þá er brotthvarf allra nemenda 2,8% á vorönn 2022 og 4% á haustönn 2021.

1.9 Kennslumat

Fjórir kennarar voru metnir á haustönn 2021 og fjórir á vorönn 2022. Svarhlutföll voru mjög misjöfn eftir áföngum. Kannanirnar voru rafrænar, í gegnum Microsoft Forms, þar sem nemendur voru beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara, auk þess sem spurt var út í nokkur atriði tengd kennslu. Skólameistari vann úr niðurstöðum og fór yfir þær með viðkomandi kennara.

1.10 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af gæðaráði en kennarar vinna sjálfsmat og skila kennsluskýrslu til skólameistara í lok hvernar annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1**. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara.

Fyrirhugað er að skoða möguleika á vettvangsathugunum á starfi kennarar til að auka enn á möguleika til mats á kennslu og starfi kennara. Gæðaráð mun útfæra þá vinnu strax haustið 2022.



1.11 Stofnun ársins 2021

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Rýnt verður í niðurstöður á haustönn 2021 og umbótaáætlun unnin af gæðaráði.

Svarhlutfall í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í starfsmannakönnun Gallup árið 2021 var 86%, en hún var 76% árið 2020 og 90% árið áður. Svarendur voru 25 og fjöldi útsendra lista var 29. Svarhlutfall er almennt gott hjá starfsfólki FSN, þar sem aðeins um 43% svöruðu könnuninni á landsvísi. Heildarmat á mældum þáttum var 4,34 sem er hækkun frá 4,17 árið 2020 og 4,25 árið 2019. Sérstaklega ánægjulegt er að sjá að starfsandi mælist með þeim allra besta á landinu, eða annar besti meðal

Framhalds- og menntaskólar 2021

Röðun	Heildareinkunn	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfsæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
2. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,752	4,82	4,81	4,21	4,87	4,73	4,84	4,72	4,84	4,81	80-100%
3. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,679	4,74	4,65	4,11	4,91	4,64	4,75	4,79	4,78	4,64	80-100%
7. Menntaskólinn á Egilsstöðum	4,518	4,59	4,61	4,00	4,52	4,29	4,53	4,64	4,74	4,57	70-79%
14. Menntaskólinn að Laugarvatni	4,446	4,59	4,67	3,69	4,37	4,11	4,53	4,50	4,67	4,62	50-59%
15. Framhaldsskólinn á Húsavík	4,417	4,59	4,36	3,80	4,53	4,13	4,64	4,10	4,48	4,88	70-79%
23. Framhaldsskólinn á Laugum	4,341	4,30	4,17	3,70	4,63	4,36	4,51	4,49	4,52	4,35	80-100%
24. Fjölbrautaskóli Snæfellinga	4,336	4,34	4,72	3,54	4,35	4,33	4,48	4,11	4,58	4,40	80-100%
25. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	4,331	4,37	4,50	3,44	4,43	3,94	4,60	4,40	4,64	4,45	50-59%
27. Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	4,323	4,44	4,39	3,42	4,12	4,52	4,34	4,30	4,52	4,66	50-59%
37. Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,251	4,31	4,06	3,56	4,28	4,05	4,67	4,19	4,39	4,66	50-59%
38. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	4,244	4,16	4,26	3,31	4,20	4,40	4,34	4,43	4,52	4,48	50-59%
39. Menntaskólinn við Hamrahlíð	4,244	4,53	4,44	3,22	3,85	3,69	4,61	4,56	4,55	4,47	60-69%
43. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	4,221	4,16	4,52	3,20	4,36	3,95	4,53	4,32	4,53	4,25	60-69%
47. Fjölbrautaskóli Vesturlands	4,196	4,31	4,48	3,19	4,01	4,30	4,61	4,09	4,38	4,26	70-79%



framhaldsskóla.

Af þessu má ráða að almennt breytist viðhorf starfsfólks til ofangreindra þátta sem spurt er út í könnuninni lítið milli ára. Stærstu breytingarnar verða á viðhorfi til starfsanda og ímynd stofnunarinnar í neikvæða átt, en að sama skapi batnar viðhorf til sveigjanleika vinnu. Vert er að horfa til þess að miðað er við tölugildi milli 0-5, þannig að meðalskor upp á 4,17 verður að teljast ágætt, þó



alltaf megi gera betur. Áberandi er að lægstu gildin snúa að launakjörum (3,54) og ímynd stofnunar (4,11), en vert er að athuga að almennt er mat á launakjörum lágt í framhaldsskólum (3,28) og því mat starfsfólks FSN á málaflokknum hærra en víða annars staðar.

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við allar stofnanir og stofnanir í sama flokki



Ef bornar eru saman niðurstöður FSN við aðra skóla og svo allar stofnanir sést hvar styrkur stofnunarinnar liggur, en sé m.v. við meðaltal annarra framhaldsskóla skarar FSN fram úr í þáttum á borð við starfsanda, ánægju með vinnuskilyrði (4,35) og ánægju og stolt (4,58). Mjög ánægjulegt er að



sjá að matið lækkar ekki í neinum flokkanna milli áranna 2021 og 2020 og í mörgum hefur átt sér stað marktæk breyting til hins betra.


1.12 Framhaldsskólapúlsinn

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók ekki þátt í Framhaldsskólapúlsinum haustið 2020. Ákveðið var að þátttaka skólans yrði annað til þriðja hvert ár. Með nemendakönnun Framhaldsskólapúlsins er lagt mat á námsumhverfi, vikni í námi og líðan nemenda. Niðurstöðurnar eru birtar í nafnlausum samanburði við sambærilega skóla. Stefnt er að þátttöku á næsta skólaári, mögulega með því að taka könnunina inn fyrir viðhorfskönnun á líðan á haustönn

1.13 Ungt fólk 2021

Í nóvember 2021 var lögð fyrir spurningakönnun meðal framhaldsskólanema þar sem nemendur voru m.a. spurðir út í vímuefnanotkun og andlega líðan. Könnunin, sem unnin er af Rannsóknunum og Greiningu, var lögð fyrir rafrænt meðal allra framhaldsskóla á landinu og var svarhlutfallið 60,6%, eða um 7300 svör á landsvísu. Könnunin hefur verið lögð fyrir síðan um aldamótin og gefur því góða raun af þróun mála.

Heilt yfir koma niðurstöðurnar vel út fyrir nemendur FSN. Þeir fylgja í flestum tilvikum þeirri þróun sem sést hefur á landsvísu og ef eitthvað er er vímuefnanotkun hvers konar á hraðara undanhaldi en annars staðar. Þó vekur það áhyggjur að notkun ólöglegra vímuefna á borð við Spice virðist vera meiri í sumum hópum nemenda skólans og þarf að skoða það mál nánar.




Mynd 18. Hlutfall framhaldsskólanema á Íslandi og FSN árið 2021 sem hafa notað spice einu sinni eða oftar um ævina, greint eftir kyni og aldri.




Þá er ánægjulegt að sjá hvernig nemendur mátu það hvernig þeim gekk að stunda sitt nám í heimsfaraldrinum, en mikill meirihluti nemenda taldi kennslufyrirkomulagið hafa hentar vel og þægilegt hafi verið að eiga í samskiptum við kennara.

Mynd 44. Ég fékk tækifæri til að eiga í beinum samskiptum við kennara (t.d. í gegnum vefkennslukerfi, tölvupóst, síma, spjall). Hlutfall nemenda í FSN og á landinu í heild árið 2021.





Hugsaðu um síðustu önn þegar skólinn lokaði og kennsla breyttist tímabundið vegna samkomubanns. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?



Mynd 40. Kennslufyrirkomulagið í skólanum hentaði mér vel. Hlutfall nemenda í FSN og á landinu í heild árið 2021.

1.14 Viðhorfskannanir

Viðhorfskönnun hefur verið lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er meginndleg, í formi spurningalista, sem sendur er út á Microsoft Forms. Gæðaráð FSN ásamt kennurum skólans og nemendaráði hefur hvatt nemendur til að svara. Gæðaráð FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnninnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.

Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja eina alhliða viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar



nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn kannaður á hvorri önn. Skólaárið 2021-2022 var hafður sami háttur og síðustu tvö ár þar sem lögð var áhersla á líðan nemenda á haustönn og á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans á vorönn. Svörun á haustönn 2018 var 35% og á vorönn 2019 31%. Svörun á haustönn 2019 var 47%. á vorönn 2020 var ekki send út könnun. Svörun á haustönn 2021 var 32% og á vorönn 2022 var hún 30%. Skoða þarf vandlega hvað valdi slakri þátttöku í viðhorfskönnunum og e.t.v. leita ráða hjá öðrum skólum sem standa frammi fyrir sama vanda.

1.15 Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta

Könnunin var stöðluð m.v. kannanir fyrri ára og var lögð fyrir nemendur í október 2021. Alls svöruðu 55 nemendur könnuninni sem er talsverð lækkun frá 99 svarendur árið áður. Flestir voru svarendur staðnemar í Grundarfirði, eða um 80%.

[Tala]

72,7% svarenda voru mjög eða frekar ánægðir með að vera í FSN (89% árið 2020 og 92% árið 2019), auk þess sem 79,6% þátttakenda leið mjög eða frekar vel í skólanum (90% árin 2020 og 2019). Þá voru 90% svarenda á þeirri skoðun að félagslífið í FSN væri frekar eða mjög gott (90% árið áður).

9,3% höfðu orðið vitni að einelti í skólanum stundum eða sjaldan (12% árið 2020 og 14% árið 2019) og jafnframt taldi enginn sig hafa orðið fyrir einelti, stundum eða sjaldan, en 10,9% nær aldrei. Árið 2020 töldu 4% sig hafa orðið fyrir einelti, sjaldan, stundum eða oft (7% árið áður).

Í opinni spurningu í lok könnunar („Hvers vegna valdir þú að stunda nám í FSN?“) kom margt áhugavert í ljós, m.a. eftirfarandi svar:

„Talað um mikla aðstoð frá kennurum og skemmtilegar og fjölbreyttar brautir“

Það er ánægjulegt að sjá slíkar niðurstöður þar sem það hefur vissulega verið markmiðið að veita þessa þjónustu.



1.16 Könnun meðal útskrifaðra nemenda


Fyrir júl 2021 var send út könnun á hóp útskrifaðra nemenda. Tilgangur hennar var að sjá hvernig útskrifuðum nemendum vegnaði í nýjum verkefnum og hvernig þeir mátu veru sína í skólanum nokkrum árum eftir útskrift. Ákveðið var að formfesta þessar rannsóknir þannig að sent yrði á 2-3 útskriftarhópa frá skólanum í senn á hverri haustönn. Könnunin var því send út á útskriftarnema frá FSN vorönn 2017, haustönn 2017 og vorönn 2018. Sá hópur telur 60 manns, útskrifaða af öllum brautum. Alls svöruðu 24 nemendur könnuninni sem gefur 40% svarhlutfall.

Flestir þeirra sem svöruðu voru staðnemar í Grundarfirði, sem voru 19 ára þegar þeir útskrifuðust og kláruðu skólann á 6 önnum. Mikill meirihluti þátttakenda fór í frekara nám eftir útskrift frá FSN og/eða stefndi á það. Þá sagði meirihluti aðspurðra að námið við FSN hafi undirbúið þau freka vel eða mjög vel undir næsta skref þeirra í lífinu.

Loks er áhugavert að skoða afstöðu nemenda til þriggja þátta sem spurt var sérstaklega út í í könnuninni eins og sjá má á meðfylgjandi mynd:

9. Hverju ánægð/ur eða óánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti í skólastarfinu?

[More Details](#)



Á henni má sjá að þeir nemendur sem voru mjög eða frekar ánægðir með kennsluaðferðir, samskipti við kennara og skólabrag voru í miklum meirihluta.


Könnunin verður áfram send út á útskrifaða nemendur á haustönn og niðurstöður bornar saman við það sem komið er.



1.17 Viðhorf skönnun vorannar – nám og kennsla

Seinni hluti viðhorf skönnunar fór fram á vorönn 2022, þar var viðhorf nemenda til náms og kennslu kannað. Svörunin undanfarin ár hefur verið ágæt, vorið 2018 var hún 48%. Árið 2019 var þessi viðhorf skönnun ekki framkvæmd vegna Covid-19, því er enginn samanburður til staðar. Árið 2021 og nú árið 2022 var svörunin 30%.


Formi spurningakönnunarinnar var breytt á þessu ári og því er samanburður við fyrri ár oft á tíðum erfiður. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir væru sammála því að þeir væru ánægðir með að vera í FSN voru 64% nemenda mjög eða frekar sammála því en 8% voru mjög eða frekar ósammála því. Varðandi gæði kennslu töldu 86% svarenda kennsluna vera frekar góða eða mjög góða. Árið 2021 töldu 76% nemenda kennsluna frekar góða eða mjög góða. Ánægjulegt er að sjá þessa aukningu milli ára en þó þarf að taka tillit til þess að skólaárið 2020-2021 voru kennsluhættir að hluta til með breyttu sniði vegna Covid-19 sem gæti haft töluverð áhrif á niðurstöðurnar. Til samanburðar þótti 97% nemenda kennslan frekar góð eða mjög góð árið 2017.



Þegar nemendur eru spurðir hvort þeim líki vel við kennslu í opnum rýmum, svara 58% nemenda því að þeir séu mjög eða frekar sammála því en 18% svara því að þeir séu mjög eða frekar ósammála. Þegar spurt var um hversu sammála nemendur væru fullyrðingunni að aðstaða til náms væri góð svöruðu 76% því að þeir væru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni. Erfitt er að bera saman svör



frá því í fyrra því að formi spurningarinnar hefur verið breytt en þá svöruðu 84% nemenda því að þeim þætti aðstaða til náms mjög góð eða góð. Hvort þetta sé vísbending um að nemendum finnist aðstaðan verri nú er óvíst eða hvort nemendur meta spurninguna öðruvísi eftir að forminu var breytt. 12% nemenda eru frekar eða mjög ósammála því að aðstaðan sé góð. Hér fengu nemendur einnig tækifæri til að tjá sig frekar hvernig bæta megi aðstöðu til náms í skólanum. Þar minntust nemendur m.a. á að: „dreifa álaginu betur á önnina. Ekki alltaf fyrir námsmat. Fara jafnóðum yfir verkefnin okkar“, „kennarar mættu koma oftari til Patreksfjarðar“, „fleiri skilrúm á opna svæðið/fleiri veggir“ og „fá skólastofur“. Einnig nefndu tveir nemendur að þeir vildu meira úrval af áföngum eða fjölbreyttari brautir og tveir nemendur vildu að skilakassar yrðu opnir fram á sunnudag.



þeir nýttu verkefnatíma á föstudögum. Þar svöruðu 24% nemenda að þeir mættu oft/alltaf, 24% að þeir mættu stundum, 20% að þeir mættu sjaldan og 32% að þeir mættu aldrei í verkefnatíma á föstudögum. Erfitt er að bera tölurnar saman við svör fyrri ára þar sem spurningunni hefur verið breytt, en þó má sjá að töluverð aukning hefur orðið á nemendum sem ekki nýta sér tímana (árið 2020-2021 svöruðu rúm 18% því að þeir færu aldrei í verkefnatíma eða spurningin ætti ekki við). Þeir sem svöruðu að þeir notuðu sjaldan eða aldrei verkefnatíma voru beðnir um að segja frá því hvers vegna og hvort þeir væru með tillögur að breytingum. Einn nemandi svaraði: „Ég vakna ekki kl. 8 á föstudögum og er ekki með þægilega aðstöðu til þess að læra heima. Ef verkefnatímarnir væru í skólanum myndi ég nýta þá“. Fleiri nemendur svöruðu því að þeim fyndist tímarnir of snemma á föstudögum því þeir nenntu ekki að vakna svona snemma. Margir nemendur sögðust ekki nýta tímana vegna þess að þeir væru einfallega búnir með öll verkefni á fimmtudögum. Einn nemandi sagðist vera



að vinna á þessum tíma. Einn nemandi sagði: „Ég myndi vilja sjá verkefnatíma í skólanum. Ekki endilega á hverjum degi en kannski tvisvar í viku.“ Nokkrir aðrir nemendur voru á sama máli.

Nemendur voru einnig spurðir hvort þeir læsu umsagnir um verkefni frá kennurum, 48% nemenda sögðust oft eða alltaf lesa þær, 28% sögðust stundum lesa þær, 18% lesa þær sjaldan og 6% aldrei. Nemendum gafst síðan kostur á því að segja hvers vegna þeir læsu ekki umsagnir. Einn nemandi sagði: „ég geri það ef einkunn er lág“ en flestir sögðust annað hvort gleyma því eða að þeir nenntu því ekki.

Nemendur voru síðan spurðir hvar þeir ynnu meirihluta verkefna sinna, þar verður að segjast að svörin hafi komið örlítið á óvart en 42% nemenda segjast vinna meirihluta verkefna sinna heima og 48% nokkuð jafnt í skólanum og heima. Eingöngu 10% nemenda vinna meirihlutann í skólanum.

12. Ég vinn meirihluta verkefna minna...

[More Details](#)

● Heima (utan skólatíma)	21
● Í skólanum (á skólatíma)	5
● Nokkuð jafnt heima og í skólan...	24



Að lokum fengu nemendur möguleika að koma með hugmyndir af því hvernig bæta mætti skólann. Nokkrir nemendur minntust á að þeir vildu fá fasta verkefnatíma flesta daga og að kennarar færu fyrir verkefni. Einnig kom fram ósk um “poolborð”, fleiri áfanga og brautir.



1.18 Viðhorfsskönnun útskriftarnema


Viðhorfsskönnun var lögð fyrir útskriftarnema á vorönn 2022, alls svöruðu 9 nemendur af 17. Tilgangur þessarar könnunar er að skoða viðhorf og upplifun nemenda á skólastarfinu, kennslunni, félagslífinu o.fl.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að nemendur voru ánægðir með námsráðgjöfina í skólanum, um 78% svarenda töldu hana vera mjög góða eða góða. Einnig virðist ánægja með umsjónartíma hafa aukist frá síðustu könnun en um 67% svarenda töldu þá vera gagnlega á meðan rúmlega helmingur svarenda í síðustu könnun töldu tímana vera gagnlitla eða óþarfa. Það vakti athygli að nemendur virtust á því að andi innan skólans og samskipti gætu verið betri en aðeins 56% töldu andann vera góðan og 44% sæmilegan.





Þegar skoðað var hvort munur væri á samskiptum svarenda við aðra nemendur og svo aftur kennara og annað starfsfólk kom í ljós að 78% svarenda töldu að samskipti sín við samnemendur væru góð eða mjög góð á meðan 89% svöruðu því til að samskipti þeirra við kennara og annað starfsfólk væru góð eða mjög góð.





Nemendur voru beðnir um að gefa kennurum, félagslífi og gæðum skólans tölulega einkunn. Kennurum gáfu nemendur einkunnina 7,8, félagslífinu 5,8 og skólanum sjálfum 6,9. Þetta eru heldur lægri einkunnir en í fyrri könnun og enn má ætla að einkunn félagslífsins sé að hluta til skýrð af stöðu mála í samfélaginu með tilkomu Covid-19.

Af þeim sem svöruðu myndi tæplega helmingur þeirra mæla með FSN við aðra (4 svarendur af 9) en enginn myndi ekki mæla með skólanum.

1.19 Rýniviðtöl

Tekin voru þrjú rýnihópa viðtöl á skólaárinu. Tekin voru rýniviðtöl við útskriftarnema í desember 2021 og maí 2022 auk rýniviðtals við kennara í mars 2022 um kennslu og vinnuaðstöðu. Í rýniviðtölum er markmiðið að fá betri svörun frá nemendum og starfsfólki. Auk þess eru rýniviðtöl góður vettvangur til



Þess að kanna betur ákveðna þætti sem vekja athygli gæðaráðs eins og viðhorf þeirra og upplifun af skólanum.

1.20 Rýnivíðtal við útskriftarnema haustönn 2021

2. desember 2021 voru útskriftarnemar boðaðir í rýnihópaviðtal. Aðeins tveir nemar mættu til viðtalsins, þrátt fyrir ítrekuð boð. Eins og áður var lagt upp með að reyna að fá sýn útskriftarnema á veru þeirra við skólann, hvernig þeir mætu samskipti við starfsfólk og nemendur, hvernig þeim hefði líkað námið og hvernig þeir sæju fyrir sér næstu skref.

Þátttakendur sögðust, aðspurð við upphaf viðtals, finnast það dálítið yfirþyrmandi tilhugsun að vera að útskrifast. Þeim þætti næsta skref framundan vera stórt – að þurfa að fara að fullorðnast og ákveða hvað þau ættu að verða þegar þau yrðu stór. Þótti þeim dvölin í skólanum hafa undirbúið þau vel, þá sérstaklega öguð vinnubrögð sem nemendur í FSN verða að temja sér. Á meðan aðrir skólar kenndu nemendum kannski að taka próf þá væru nemendur annarra skóla e.t.v. ekki jafn vel undirbúnir til að vinna jafnt og þétt.

Samskipti við kennara sögðu þátttakendur almennt vera góð, þeir séu fljótir til svars og fúsir til að hjálpa. Vissulega séu sumir kennarar latari í þeim efnum og stundum komi nálægðin við nemendur niður á samskiptum, kennarar geri upp á milli nemenda og sitji fagmennskan þá á hakanum. Það sé þó undantekningin frekar en hitt.

Þeim fannst stöðug verkefnavinna vera lýsandi fyrir náms og kennsluaðferðir FSN. Það mátti greina mikla eftirsjá eftir verkefnatímum í stundaskrá í miðri viku til að styðja við verkefnavinnuna. Það nýttist þeim vel og mætti taka upp aftur. Föstudagarnir séu finir en skortur á verkefnatímum á öðrum dögum skapi óreiðu. Verkefnatimarnir séu líka góðir fyrir félagslífið og hægt að nota þá fyrir fundi t.d. hjá nemendafélaginu.

Þátttakendur kváðust ekki ná að nýta umsagnir alveg eins vel og þeir vildu og stundum væri það vegna þess að þær bærust ekki fyrr en bara rétt um námsmatsdaga. Það væri erfitt að nýta sér þær ef þær kæmu ekki jafn óðum. Þó væru óneitanlega kennarar í hópnum sem stæðu sig frábærlega og gæfu góðar



umsagnir. Annarumsagnir á Innu sögðu þau vera nytsamlegar, þó þær, eins og aðrar umsagnir verkefna mættu stundum vera ítarlegri. Þær væru vel til þess fallnar að vita hvar þau væru stödd í náminu og ef þau væru ósátt við þær tækju kennarar almennt vel í að færa rök fyrir þeim, eða jafnvel breyttu þeim.

Námskröfur sögðu þau oft mismunandi eftir kennurum og héldust ekki alltaf í hendur við það á hvaða þrepi áfanginn væri. Þó væru þær heilt yfir sanngjarnar og kennarar væru ekki að ætlast til of mikils. Stundum væru verkefnislýsingar flóknar og illa upp settar. Þá þurfti að vinna námsráðgjöfina markvissar í þágu nemenda.

1.21 Rýniviðtal við kennara 11. mars 2022

Föstudaginn 11. mars var haldið rýniviðtal við kennara á TEAMS, sem frestast hafði talsvert vegna mikillar fjarveru starfsfólks auk óvenjumargra óveðursdaga á vorönn 2022. Lagt var upp með að ræða um viðhorf kennara til kennslu og vinnuaðstöðu, auk annars tilfallandi. Viðmælendur voru sammála um það að skólinn þyrfti nú að gefa í í markaðsmálum og gera sig enn meira gildandi á fjarnemamarkaðnum. Þangað ætti FSN að geta sótt nemendur, en það sé nokkuð ljós að ekki veiti af því að fjölga þeim. Var það nefnt sérstaklega að skólinn þyrfti að vera skráður sem fjarnámsskóli inni á Innu og að auglýsa þyrfti skólann meira á samfélagsmiðlum.

Þá lýstu kennarar áhyggjum sínum yfir stöðu náms á föstudögum. Það sé fyrirkomulag sem henti kennurum vel en að nemendur séu ekki að nýta sér það sem skildi. E.t.v væri rétt að fara aftur í hefðbundna kennslu á föstudögum eða hafa fastar kennslustundir á föstudögum þó þær væru á "teams". Í framhaldi af því töluðu viðmælendur um mikilvægi þess að herða mætingarreglur þar sem nemendur væru hættir að skila sér í tíma. Það sé áhyggjuefni að nemendur séu að velja sér það að mæta ekki í tíma eða mæta frekar á "Teams" og til þess að kennslan líði ekki fyrir dræma mætingu þurfi að herða á mætingarreglum.

Komu upp ýmsar hugmyndir um breytingar, m.a. að veita einingu fyrir ákveðið góða mætingu o.s.frv. Loks var vinnufriður í kennslurými nefndur sem það sem þyrfti að laga hvað aðstöðu varðar og skortur á rýmum til þess að taka upp auk þess sem það var nefnt að það þyrfti að bæta úr tengingum fyrir hljóð



í kennslustofum á borð við Kviku, t.d. með því að hafa möguleika á að tengja hljóð auðveldlega með “bluetooth.”

Geta má þess að í kjölfar fundarins, að höfðu samráði við skólastjórnendur, var farið að vinna að endurbættum mætingarreglum, auk þess sem ákveðið var að vinna markvisst að markaðsstarfi skólans fyrir næstu önn.

1.22 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2022

Rýniviðtal við útskriftarnema fór fram miðvikudaginn 11. maí 2022. Viðtalið var tekið í Fiskabúrinu, sem er fundarherbergi í FSN og komu þrír útskriftarnemar til viðtals við Hermann Hermannsson, mannauðsstjóra.

Eins og áður var lagt upp með að spyrja nemendur út í veru þeirra við skólann, hvernig þau mátu samskipti við starfsfólk og samnemendur, námsmat og kennsluhætti og loks hvernig þeim þætti þau vera undirbúin fyrir næstu skref í lífinu eftir nám við FSN.

Almennt voru nemendur ánægðir með veru sína við skólann og sögðu að þau myndu sakna félagsskaparins, hvort sem það væri við nemendur eða starfsfólk. Þau voru öll sammála um að tíminn hefði verið einstaklega ánægjulegur, þrátt fyrir ákveðna hnekki í félagslífi á tímum kórónaveirunnar. Það mátti greina ákveðinn söknuð eftir fjórða ári framhaldsskólans, þar sem þau hefðu vel getað hugsað sér að vera lengur en ákveðin pressa væri óneitanlega á því að klára á settum tíma. Ekkert þeirra sem komu til viðtalsins ætluðu sér beint í frekara nám, þar sem þeim fannst vera kominn tími á smá hlé frá námi.

Þeim fannst öllum hafa verið gaman í skólanum, að veran við FSN hafi hjálpað þeim að þroskast heilmikið og ekki síst veitt þeim mikið sjálfstraust. Þó þau væru á báðum áttum með hversu vel þessi tími hefði undirbúið þau undir næsta skref, þá væri það sem þau höfðu tamið sér á þessum tíma eitthvað sem kæmi sér til góðs á einhverju sviði lífsins.

Samskipti sögðu þau almennt hafa verið góð, þá sérstaklega við kennara og starfsfólk. Nokkuð hefði borið á hópaskiptingu innan nemendahópsins, þar sem flæði væri lítið milli hópa. Hér spilaði heimsfaraldurinn inn í og það gæti hafa ýtt undir þessa þróun.



Nemendur nefndu það sérstaklega að nándin við kennara í svona litlum skóla væri stór plús en þó væri það áberandi að sumir kennarar ættu það til að gera upp á milli nemenda. Það verður að líta alvarlegum augum og bregðast við því til að tryggja fagmennsku í kennslu. Þó er vert að taka fram að frekar voru nemendur sammála um ágæti kennara sinna heldur en hitt. Þá þurfi kennarar að passa sig hvernig þeir tala um aðra nemendur fyrir fram nemendur.

Námsráðgjöf var nefnd, sem og skipulag valáfanga og vinna umsjónarkennara, hvar mætti bæta úr vinnu við val á áföngum, við uppsetningu námsferils – það hafi komið fyrir að nemendur hafi ekki farið þá leið sem þeir myndu annars kjósa, eða hentaði best, vegna einhvers misskilnings eða mistaka við skráningu í áfanga. Þetta þurfi að laga. Þá vanti sárlega þjónustu sálfræðings við skólann.

Nemendur voru ánægðir með leiðsagnarmatsfyrirkomulagið, það héldi þeim við efnið og þannig næðu þeir að temja sér öguð vinnubrögð. Oft kæmi það vissulega fyrir að álagið væri full mikið á viku, en það jafnaðist alla jafna út. Þannig væri á margan hátt betra að vera með færri og stærri verkefni frekar en færri og minni, sem rímar auðvitað við leiðsagnarmat, sé gert ráð fyrir því að verkefnum sé skilað oftar en einu sinni og unnið úr endurgjöf kennara á milli.

Verkefnatímar og fyrirkomulag þeirra var einnig rætt. Það var skoðun nemenda að þeir ættu að vera inni í töflu á mánudögum til fimmtudags, bæði til að auka andrými nemenda til vinnu á skólatíma, auk þess sem það myndi veita þeim færi á að sinna félagslífi á sama tíma. Þeir gengu jafnvel svo langt að segja að það gæti haft jákvæð áhrif á mætingu í tíma vegna þess að þá hefði nemendur meiri tíma til að hitta samnemendur utan tíma og þyrftu þannig ekki að skrópa í tíma til að sinna félagslífi. Nemendur voru jákvæðir gagnvart breytingum á mætingarreglum, nemendur vilji mæta í tíma og þetta sé rökrétt skref. Loks var talað um að nemendum þættu vera alltof tíðir árekstrar og furðuðu sig á tilvist þeirra. Þá var það nefnt að þeim fannst eins og ekki væri nægilega mikið lagt upp úr því að nýta stóra salinn í kennslu, heldur væri áhersla á að koma tímum fyrir í lokuðum stofum skólans.



1.23 Spurningar til núverandi og útskrifaðra nemenda um skólann

Á vorönn var ákveðið að auka vinnu við markaðssetningu til að vekja athygli á skólanum fyrir komandi skólaár. Liður í þeirri vinnu var að hafa samband við útskrifaða nemendur sem og núverandi stað- og fjarnema til að fá að heyra þeirra álit á skólanum með það fyrir augum að nýta það besta sem markaðsefni. Svörin stóðu ekki á sér og fékk skólinn góða umsögn nemenda í myndbandsformi. Nemendur, þá ekki síst fjarnemar, voru ánægðir með þá þjónustu sem kennarar veittu þeim, sögðu námið henta vel með öðrum skyldum og flestir mæltu heilshugar með námi við skólann.

Líkur eru á því að þessi þráður verði tekinn upp aftur, og þá með markvissari hætti til að rannsaka skoðun nemenda á skólastarfinu.

1.24 Húsfundur með nemendum og starfsfólki FSN

Haldnir voru tveir húsfundir á skólaárinu. Annars vegar var haldinn fundur á haustönn til þess að kynna ný einkunnarorð, eða gildi skólans (lifum, lærum, leikum) og hins vegar var haldinn fundur í samstarfi við stýrihóp HEF (heilsueflandi framhaldsskóli) sem sneri að því að finna leiðir til að stuðla að bættri líðan í skólanum, t.d. í gegn um samskipti.

Margt áhugavert kom út úr fyrri fundinum sem haldinn var 13. október 2021, og fjallaði um einkunnarorð skólans, og sem reyndar var í þetta skiptið kallaður „skólafundur“. Einkunnarorðin og vinna að baki þeim var kynnt til að byrja með á fundinum og að því loknu var haldið heimskaffi (e. world cafe) til að virkja nemendur og fá þeirra sýn á þessi nýju einkunnarorð. Spurt var tveggja spurninga: „Hvernig tengir þú þína upplifun af skólanum við þessi þrjú orð?“ og „Hvað getum við gert til að tileinka okkur þessi einkunnarorð?“.

Í vinnu nemenda virtust þeir almennt tengja við þessi þrjú orð, þegar þau höfðu áttað sig á því hvað þau stóðu fyrir. Nemendur tóku undir að nám við FSN einkennist af samvinnu með samnemendum og kennurum, og það sé nátengt daglegu lífi utan skóla, að oftast væri stutt í grínið og að það væri oft „leikur að læra“ í skólanum og þá einnig að námið væri hagnýtt eins og auðið er. Allt þetta hefur gefið góða raun um hvað má vinna betur áfram í stefnumótun skólans.



Seinni húsfundurinn, sem haldinn var 1. febrúar 2022, undir forystu við stýrihóps HEF, miðaði að því að fá nemendur til þess að ræða sín á milli og koma með uppástungur um það hvernig hægt væri að vinna að bættum samskiptum innan húss og stuðla þannig að jákvæðari andlegum áhrifum skólaverunnar. Þar kom t.a.m. fram að gott væri fyrir andann í húsinu ef fólk væri duglegra að heilsa hvort öðru, ganga betur um sameiginleg rými, vera jákvæð og stuðla að meira og fjölbreyttara félagslífi. Unnið var með niðurstöður þessa fundar í stýrihópnum.

4. Fjárhagur og rekstur

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist árið 2021 og má þakka það aðhaldi í rekstri skólans því launakostnaður vegna veikinda fór fram úr áætlun. Þá voru ýmis verkefni tengd jafnlaunavottun og COVID 19 dýr og ekki gert ráð fyrir þeim í áætlunum.

5. Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2020 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veikum þáttunum og vinna meira með styrkleikna. Einnig er unnið að úrbótum þegar einhverjir veikleikar koma upp í innra mati skólans.

1.25 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í innri úttekt, viðhorfskönnunum, niðurstöðum í stofnun ársins og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru mjög góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðnámi og



fjarnámi. Við skólann starfar vel menntað fólk sem hefur metnað fyrir hönd skólans og námsárangri og vellíðan nemenda sinna.

Það hefur sýnt sig undanfarin misseri hve tæknilega sinnaðir kennarar skólans eru auk þess að vera nýjungagjarnir og sveigjanlegir en það hefur skipt sköpum í því mikla ölduróti sem fylgt hefur heimsfaraldrinum. Eins og áður hefur komið fram hér að ofan voru kennarar og nemendur vel í stakk búnir til þess að takast á við þær áskoranir sem heimsfaraldur hafði í för með sér. Samkomubannið á vordögum 2020 var góður skóli, þrátt fyrir að ekkert gæti undirbúið nemendur og kennara fyrir það rót sem haustönn 2021 hafði í för með sér. Engu að síður sýna gögnin sem gæðaráð safnaði saman að bæði kennarar og nemendur voru ánægðir með hvernig leyst var úr þeim vandamálum og áskorunum sem komu upp. Við skólann er sveigjanlegt, hugmyndaríkt og duglegt fólk við starf og nám sem vilar ekki fyrir sér að vinna saman þó á móti blási.

1.26 Veikleikar

Á haustönn 2020 fór skólinn eins og áður segir í gegn um ytra mat. Þar komu fram ýmis tækifæri til umbóta og má telja sum þeirra til veikleika innan stofnunarinnar, auk þess sem fylgja þarf eftir vinnu við stefnumótun. Þar er nefnd þörfin fyrir það að skerpa á stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans og um leið að aðkoma haghafa sé tryggð við stefnumótun. Stefnumótun er nú í fullum gangi, með það að leiðarljósi að móta heildræna stefnu sem talast á við alla þætti skólastarfsins.

Starfsemi skólaráðs og skólanefndar þarf að gera skilvirkara og markvissara og þá þarf að fylgjast með framvindu í innra mati skólans, með því að bera saman gögn milli ára og setja fram á myndrænan hátt. Það hefur verið stefna gæðaráðs að vinna eftir einmitt þeim formverkjum á liðnu skólaári. Einnig er



foreldraráð óvirkt og hefur verið og þarf að leita leiða til að laga það. Í haust var sett upp fundaaætlun fyrir

þá þarf að passa upp á að nemendur og kennarar vinni eftir stefnu skólans í náms- og kennsluháttum og að þeim sé viðhaldið, og meta ávinning nemenda af því fyrirkomulagi sem skólinn einsetur sér að vinna eftir - leiðsagnamati.

6. Umbætur og tækifæri

Við höfum samstarf á milli skólastiga á Snæfellsnesi. Námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjar á svæðinu. Á vorönn höfum við framhaldsskólahermi í skólanum en þá er öllum nemendum 10.bekkja á upptökusvæði skólans boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og er nú orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

Samstarf í Fjarmenntaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í einhverjum af hinum Fjarmenntaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á reglulega á símafundi allan veturinn.

Í sjálfsmatsskýrslu 2015 var formleg stefna skólans og efling mannauðs m.a. nefnd til veikleika. Haustið 2019 var ráðinn mannauðsstjóri í 25% stöðu sem hefur það m.a. á sinni könnu að vinna að stefnumótun fyrir skólann, auk þess sem hann sinnir móttöku nýrra starfsmanna, fræðslumálum og öðru. Má því telja úrbætur á því sviði hafnar. Þá var stefnumótun unnin fyrir skólaárið 2020-2021 auk þess sem hafist var handa við heildræna stefnumótun fyrir stofnunina á vinnudögum kennara vorið 2021. Sú vinna hélt áfram veturinn 2021-2022 og í lok vorannar var skólanum úthlutaður styrkur úr Sprotasjóði semtil vinnu við stefnumótun.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með hóp starfsmanna sem hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er stolt af þeirri vinnu sem er unnin hér. Frá og með haustönn 2021 voru allir kennarar með kennsluréttindi.



Eitt af því sem fram kom í ytri úttekt haustið haustið 2020 var að vinnuaðstöðu kennara þyrfti að yfirfara og skoða möguleika á að bæta aðstöðu nemenda og kennara. Unnið hefur verið að umbótum á starfsaðstöðu kennara og nemenda í kjölfar þessara ábendinga og hefur margt áunnist í þeim efnum. Þar má nefna eftirfarandi:

- Haustið 2021 hóf starfshópur undirbúningsvinnu við að betrumbæta kaffiaðstöðu kennara
- Þá voru ákveðin rými skólans endurhönnuð með það að leiðarljósi að gera þau þægilegri til íveru fyrir nemendur.
- Vorið 2022 var iðjubjálfi fenginn til að vera með kynningu á sitjandi vinnu og áhættum sem henni tengjast
- Að fengnum ábendingum frá iðjubjálfa var svo ákveðið að bæta inn fleiri skrifborðum sem eru upphækkanleg og bjóða kennurum upp á auka skjái inni á vinnurými kennara. Það væri liður í að gera rými notendavænna.
- Vinnueftirlitið kom í heimsókn vorið 2022. Í framhaldi af því verður unnið áhættumat, áætlun fyrir ófrískar konur og konur með börn á brjósti, samskiptasáttmáli og skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað unnin. Þá var unnið með starfsmönnum á vinnudegi í maí, skoðaðir möguleikar á sálfræðipjónustu fyrir starfsmenn og handleiðslu, fyrir starfsmenn.

Frekar úrbætur á næsta skólaári má sjá í fylgiskjali 3 – úrbótaáætlun 2022-2023



7. Fylgiskjal 1 – Áfangaskýrsla

Áfangaskýrsla kennara

Ég bið ykkur um að senda skólameistara áfangaskýrslu í síðasta lagi 31.maí.
Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni.

Áfangi	Önn	Kennari
	V2022	

1. Stutt skýrsla um kennsluna og yfirferð námsefnis:
2. Síðastliðnar þrjár annir höfum við gert tilraun með kennslu á TEAMS á föstudögum. Hvað telur þú að þessi áfangi þurfi:
 - a. Marga fasta tíma?
 - b. Marga verkefnatíma?
3. Hve margar mínútur telur þú að fastir tímar eigi að vera?
4. Hve margar mínútur telur þú að verkefnatímar eigi að vera?
5. Hvernig gengur að kenna námsefni þessa áfanga á TEAMS?
6. Námsmat/Dreifing einkunnna – skýrsla úr INNU.
 - a. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
 - b. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
 - c. Hlutfall nemenda með falleinkunn:
 - d. Meðaleinkunn:
 - e. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):
7. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann, hverju ætti að breyta og hvað hefur gengið vel.
 - a. Vegna fagsins (kennsluáætlun, kennsluefni, skipulag áfangans, yfirferð, námsmat o.þ.h.)
 - b. Vegna annars (aðstaða, töfluskipulag, kennsla að heiman o.þ.h.)
8. Lífum – Lærum – Leikum
Hvernig sérðu þessi einkunnaorð eiga við áfangann og viðfangsefni hans?



8. Fylgiskjal 2

[Hér er slóð á skýrslu úttektaraðila á ytra mati í FSN](#)



9. Fylgiskjal 3 - Úrbótaáætlun 2022-2023

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð
Skerpa á helstu stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og fléttuð inn í skólastarf og stefnumótun.	Viðhorfskannanir. Rýnihópaviðtöl.	Stefna skólans endurskoðuð út frá þeirri vinnu sem unnin hefur verið að einkunnarorðum skólans	Skólameistari/mannauðsstjóri
Að efla starfsemi nemendafélags og þátttöku nemenda í félagsstarfsemi.	Nemendafélag verði virkt á skólaárinu og standi fyrir viðburðum.	Viðtöl við stjórn nemendafélags, viðburðir auglýstir í skóla.	Stuðningur við nemendur í upphafi skólaárs og regluleg eftirfylgni. Skólafundur, umræður um félagslíf.	NFSN/Tengiliður við nemendafélag
Að virkja foreldraráð í starfsemi skólans	Foreldraráð verði virkt og sýnilegt í skólastarfinu	Þátttaka foreldra í starfsemi skólans, t.d. skólanefnd og sjálfsmatsteymi	Aðalfundur foreldrafélags	Skólameistari
Að fjölga fjarnemum við skólann til að sporna við við fækkun nemenda í skólanum vegna fækkunar í komandi nýnemaárgöngum	Lögð verði aukin vinna í markaðssetningu á skólanum sem fjarnámsskóla	Fjöldi nýrra fjarnema. Viðhorfskannanir.	Starfsmaður fenginn til að sinna markaðsmálum á markvissan hátt	Skólameistari/Mannauðsstjóri
Huga að tengslum kennara og starfsfólks við nemendur framhaldsdeildar á Patreksfirði	Lagt verður upp úr því að hvetja kennara til þess að fara oftari til Patreksfjarðar.	Fjöldi kennara og starfsfólks sem fer í heimsókn í Framhaldsdeildina á Patreksfirði. Viðhorfskönnun og	Starfsfólk og kennarar hvattir til að fara vestur á starfsmannafundum.	Skólameistaro.



		viðtöl við nemendur og foreldra á Patreksfirði		
Að nemendum í skólanum líði almennt betur og draga úr þunglyndi og kvíða.	Að kvíði og þunglyndi mælist ekki yfir viðmiðunarhópi í könnun.	Framhaldsskólalúpsinn	Sálfræðipjónusta og námsráðgjöf í boði, áfangar í geðrækt og sjálfsefningu	Skólameistari/Stýrihópur um Heilsueflandi framhaldsskóla